

Mættir: Freyja Petersen, Haukur Birgisson, Gróa Erla, Kristján P, Sigríður Sóley, Sólrún Halla, Þórhildur Ýr, Ingibjörg Inga og Sigrún Kristjáns.

Magnea Kristleifs og Kristín K. gátu ekki mætt til fundar

#### 1. **Mál - Skóladagatal 2014-2015**

Skóladagatal kynnt og samþykkt. Breytingar á starfsdögum í upphafi skóla, starfsdagarnir verða 4 í upphafi og 4 í lok skóla. Skólasetning fimmtudaginn 21. ágúst. Það er mat kennara að það sé kostur fyrir yngstu nemendur skólans að byrja ekki á fullri kennsluviku og því er þessi breyting gerð.

Nemendafulltrúar gerðu fyrirspurn um skipulagsdaga, hvers vegna þeir væru settir í miðri viku en ekki alltaf sitthvoru megin við helgi. Ingibjörg Inga útskýrði ástæður þess, byggja þær á því að það séu ekki alltaf sömu dagar sem falla niður í kennslu og þar með sömu fög í töflu.

Nokkuð var rætt um hvort það gæti ekki verið gaman að halda sameiginlega árshátíð unglिंगadeilda. Þannig fengu fleiri að njóta þess sem nemendur bjóða upp á .

Skóladagatalið samþykkt.

#### 2. **Mál - Breytingar á starfsmannahaldi /ráðningamál**

**Ingibjörg Inga gerði grein fyrir breytingum á starfsmannahaldi næsta skólaár.**

Breytingar á Kleppjárnsreykjum

Þeir sem munu láta af störfum eru:

Heiðar Örn Jónsson stuðningsfulltrúi, Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir umsjónarkennari fer í barnsburðarleyfi, Ágústa Þorvaldsdóttir umsjónarkennari verður í veikindaleyfi að minnsta kosti fram í febrúar 2015, Krístrún Snorradóttir aðstoðarmatráður fer í barnsburðarleyfi, Josefína Morell skólaliði fer í barnsburðarleyfi.

Jón Ingi stuðningsfulltrúi fer í barnsburðarleyfi frá skólabyrjun þar til í nóv.

Ekki eru fyrirsjáanlegar breytingar í Hvanneyrardeild.

Á Varmalandi verður ein breyting í starfsmannahópnum. Kristín Elísabet Möller mun láta af störfum sem stuðningsfulltrúi.

Ásgeir Rafnsson umsjónarmaður eigna og húsvörður skólans mun láta af störfum vegna veikinda.

Stöður hafa þegar verið auglýstar.

Lára Ólafsdóttir skólaliði á KLR mun bæta við sig stöðu Josefinu Morell.

Nokkrar fyrirspurnir hafa þegar borist um stöður.

### 3.mál -Nemendafjöldi

Búist er við sama nemendafjölda á KLR og verið hefur í vetur, þar er að koma stærri hópur inn í 1.bekk en verið hefur að undanfögnu.

Búist er við fjölgun á Varmalandi. Stór hópur nemenda er að koma inn í 1. og borist hafa fregnir af því að margir séu að innrita sig í Háskólann á Bifröst með börn.

Fækkun virðist verða í Hvanneyrardeild en með því að halda 5.bekk inni þar verður trúlega svipaður nemendafjöldi og þetta skólaár.

### **4.mál -Breyting í Hvanneyrardeild haust 2014**

Ákveðið hefur verið að 5. bekkur verði áfram á Hvanneyri, breytingin gerð vegna fyrirsjáanlegs fjölda nemenda í deildinni og aðstæðna. Samkensla mun verða með sama hætti í K og H deild á yngri stigum.

Beiðni var lögð fyrir fræðsluráð vegna þessara breytinga. Við fengum fyrst neitun en málið var tekið aftur fyrir og samþykkt til eins árs í senn. Samþykki fékkst meðal annars vegna þess að breytingin á ekki að hafa áhrif fjárhagslega.

### **5.mál-Fjárhagsáætlun.**

Ingibjörg Inga fór yfir fjárhagsáætlun 2014.

Heildar rekstrarfé skólans fyrir næsta skólaár hljóðar upp á 392.440.547.

Í fyrra var áætlunin 382.926.000. Lokatölur árisins voru 391.992.000. Mismunur var upp á 9.0066.085. Umfarmtölur eru skýranlegar og liggur stærsti hlutinn í launagreiðslum vegna langtímaveikinda. Skýringar eru sendar til fjármálastjóra.

Óvænt þurfti að skipta út ljósritunarvélum á tveimur starfsstöðvum ásamt því að kaupa öflugri búnað við Multisead kefrið á KLR.

Í mötuneyti Varmalandsdeildar þurfti að skipta út uppþvottavél og vinnuborðum, var það tekið af rekstrarfé skólans í samráði við fjármálastjóra.

Þetta eru helstu skýringar á því sem fór umfram áætlun.

Miðað við rekstur í fyrra má segja að við þurfum að reka skólann á mjög svipuðum rekstrartölum.

### **6. mál Leader in me**

Ingibjörg Inga gerið grein fyrir stöðu verkefnisins Leader in me sem verið er að innleiða í skólanum.

Markmið verkefnisins er að undirbúa næstu kynslóð undir það að takast á við áskorandir og tækifæri 21. aldarinnar, málið snýst um að hjálpa hverjum og einum til að blómstra. Hver einstaklingur fær þannig tækifæri til að vinna út frá sínum eigin styrkleika og verða sá besti sem hann sjálfur getur orðið.

Í grunninn byggir Leader in me upp skilning og færni til að geta borið ábyrgð á eigin ákvörðunum og þannig mótað líf sitt til hins betra ásamt því að þroska samskiptagæfni nemenda og starfsfólks.

Reglubundnar kannanir hafa leitt í ljós að þeir skólar sem hafa innleitt þessa hugmyndafræði sýna meðal annars að sjálfsmýnd nemenda batnar, teymisvinna, frumkvæði, sköpun og leiðtogaþæfni eykst, samskipti og námsárangur verður betri og betur gengur að leysa úr vandamálum sem upp koma. Skólabragurinn batnar og agamálum fækkar verulega. Kennarar finna fyrir meira stolti og ánægju í vinnunni og foreldrar eru á nægðari og taka meiri þátt í skólafarfinu.

Í gær var verið að klára námskeið númer tvö sem kallað er „Innleiðing“ farið var yfir hina ýmsu þætti sem lýtur að því að innleiða venjurnar 7 með nemendum.

Á næstunni verður þriðja námskeiðið og mun það verða sett upp fyrir svokallaða kyndilbera. Þrjú einstaklingar í hverri deild verða valdir til að fara á það og þeir munu síðan halda uppi verkstjórn í framhaldinu.

Mönnum lýst vel á verkefnið.

### **7.mál- Viðhald búnaðar og skólabygginganna**

Fyrirhugað er að fara í dúkaskipti í tveimur aðliggjandi stofum í Hvanneyrardeild – Þakviðgerðir og málun á Varmalandi - Málun og viðgerðir utanhúss á KLR.

Kristján Pétursson foreldrafulltrúi ásamt öðrum fulltrúum lýstu áhyggjum sínum yfir því hversu litlu fjármagni væri varið í viðhald.

Þegar litlu hlutirnir eru látnir bíða of lengi verða þeir oft allt of kostnaðarsamir þegar að viðhaldi kemur.

Það er mat allra fulltrúa skólaráðs að ýta verði verulega á að gerð verði raunhæf þarfagreining á viðhaldi húsnæðis og búnaðar þannig að þeir sem gera viðhaldsáætlanir og úthluti fjármagni til viðhalds geri sér grein fyrir raunverulegri þörf.

Ingibjörg ætla að taka saman lista í samráði við húsverði og koma til Kristjáns Finns.

### **Önnur mál**

- Tvö ný leiktæki voru sett upp í páskaleyfi á Varmalandi og beðið er færis á að setja tvö ný á skólalóð á KLR. Þessum framkvæmdum er fagnað.
- Mikið vara rætt um skólalóðirnar og nauðsyn þess að gera áætlun um endurbætur og framkvæmdir.
- Haukur nemendafulltrúi Varmalandsdeildar vildi koma því á framfæri að meira en nauðsynlegt væri að koma upp sparkvelli fyrir nemendur þar. Unglingadeildarnemar hefðu óásættanlega aðstöðu eins og nú væri til útivistar Húsó megin.

Aðrir fulltrúar tóku undir orð Hauks.

- Nemendafulltrúar lýstu ánægju sinni með skólastarfið, sögðu námið ganga vel og það væri gengi vel í skólanum.

Fleira ekki fyrir tekið og fundi slitið.